

**AUGLÝSING**  
**um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands**  
**um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt,**  
**frá 1. september 2009 til 31. desember 2010.**

Með vísan til a. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 648/2009 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. september 2009 til 31. desember 2010 og gr. 6.4. í samningi um starfs-skilyrði mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, hafa Bændasamtök Ísland sett reglur um fyrirkomulag greiðslna vegna kynbótaverkefna, á því tímabili, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað lætur ráðuneytið birta reglur þessar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 2009.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Arnór Snæbjörnsson.*

**Fylgiskjal.**

**Reglur um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt,**  
**frá 1. september 2009 til 31. desember 2010.**

Með vísan til a. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 648/2009 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. september 2009 til 31. desember 2010 og gr. 6.4. í samningi um starfs-skilyrði mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, setja Bændasamtök Íslands eftirfarandi reglur um fyrirkomulag greiðslna vegna kynbótaverkefna, á tímabilinu:

1. gr.

Rétt á álagsgreiðslum vegna kynbótaverkefna í nautgriparækt eiga handhafar bein-/gripagreiðslna á búum sem uppfylla kröfur Bændasamtaka Íslands um gæðastýrt skýrsluhald.

Handhafi greiðslna skv. 1. mgr. skal vera sá sami og er handhafi beingreiðslna og/eða gripa-greiðslna á búinu, nema annað verði ákveðið.

2. gr.

Sú fjárhæð sem kemur til ráðstöfunar samkvæmt reglum þessum er ákveðin í ofangreindum samningi, reglugerð nr. 648/2009 og lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Hún nemur 58 milljónum kr. og skiptist með þeim hætti sem hér segir:

- a. Flöt greiðsla sem nema skal 20% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist til handhafa greiðslna á búum sem uppfylla kröfur um gæðastýrt skýrsluhald.
- b. Hlutfallsgreiðsla sem nema skal 80% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist í réttu hlutfalli við árskúafjölda í þeim mánuði sem greitt er út.

3. gr.

Greiðslutilhögun og skilyrði greiðslna eru sem hér segir:

Upphæðin greiðist með fjórum jöfnum greiðslum í janúar, maí og september 2010 og janúar 2011. Skýrsluskil þurfa að vera regluleg, þ.e. að skýrslu sé skilað fyrir 11. dag næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. Skal vera ein niðurstaða, þ.e. eitt sýni úr hverri mjólkandi kú á búinu, af síðasta ársfjórðungi 2009 og af hverjum ársfjórðungi ársins 2010. Niðurstöður kýrsýna þurfa að hafa borist innan 15 daga frá því að ársfjórðungi lýkur. Ef ekki tekst af tæknilegum ástæðum hjá RM að greina

niðurstöður fyrir einstaka gripi skal taka tillit til þess. Ný skýrsluhaldsbú skulu hafa skráð sig í skýrsluhald og skilað skýrslu reglulega og kýrsýnum fyrir undangengin ársfjórðung ásamt því að standast almennar ofangreindar kröfur.

4. gr.

Bú telst skýrsluhaldsbú hafi það verið skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2008-2009. Með nýjum skýrsluhaldsbúum er átt við bú sem ekki voru skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2008-2009, eða hafa haft eigendaskipti á verðlagsárinu 2008-2009 eða seinna.

5. gr.

Greiðslur deilast niður miðað við fjölda þeirra sem standast kröfur þess tímabils sem er til viðmiðunar.

*Reykjavík, 21. ágúst 2009.*

F.h. Bændasamtaka Íslands,

**Eiríkur Blöndal.**

\_\_\_\_\_